

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 2. september kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1221. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafðís Anna Bragadóttir og Sigrún Reynisdóttir.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 6 - USK25050524

Sótt er um leyfi til að innrétta fjórar leikskóladeildir fyrir 64 börn á 2. og 3. hæð þannig að heildarfjöldi barna verður 114 í Múlaborg á lóð nr. 6 við Ármúla.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 27. maí 2025, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 29. maí 2025, hljóðvistargreinargerð frá Myrra dags. 22. maí 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. B gata 19 - USK25020256

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN032714 vegna lokaúttektar, þannig að eignarhlutar eru sameinaði, innra skipulagi, gluggum og hurðum er breytt á hesthúsi við B götu 19, mhl. 46 á lóðinni Hólmsheiði Fjárborgir.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 7. mars 2025 og yfirlit breytinga samþ. 18. október 2005

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Baldursgata 17 - USK25080047

Sótt er um leyfi til að breyta skráningu úr ósamþykktu íbúð 0102 í samþykktu íbúð í húsi nr. 17 við Baldursgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Bauganes 20 - USK25050333

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á þremur pöllum með innbyggðri bílgeymslu úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 20 við Bauganes.

Stærð: 256,5 ferm., 899,9 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 20. maí 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Baughús 2 - USK25080049

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttuð hefur verið aukaíbúð og geymslur í áður uppfylltum sökklum og gerðir gluggar og hurðir á kjallara einbýlishúss á lóð nr. 2 við Baughús.

Áður gerð stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun; 439 ferm., 1.189,5 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Bjóla 1 - USK25010160

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að íbúðarhús hefur verið gert upp, einangrað og klætt að utan með báruklæðningu og byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið einbýlishúss á lóðinni Bjóla 1 á Kjalarnesi.

Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir uppfærð umsögn Minjastofnunar dags. 8. maí 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 18. mars 2025 og ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Bjóla 2 - USK25010161

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að hlaða hefur verið gerð upp, einangruð og klædd að utan með báruklæðningu og notkun breytt í vinnustofu auk þess sem byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið húss á lóðinni Bjóla 2 á Kjalarnesi.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x

Erindi fylgir uppfærð umsögn Minjastofnunar dags. 8. maí 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 18. mars 2025 og ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 25 - USK25070254

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 3. og 7. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 25 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 2. júlí 2013.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. Drafnarstígur 3 - USK25070263

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061633 þannig að kjallari er stækkaður útundir beituskúr, þakhalli beituskúrs samræmdur við aðalhús, lítills háttar stækkun á svölum, gerð flóttaleið úr kjallara á austurhlið, landhæðir og kótar uppfærðir og þrep við innganga aðlöguð á einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun kjallara: 24,1 ferm., 94,5 rúmm.

Eftir stækkun kjallara: 239,5 ferm., 718,4 rúmm.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. Efstasund 59 - USK25050301

Sótt er um leyfi til að sameina matshluta mhl.01 og mhl.02, breyta innra skipulagi, hækka þak bílskúrs, og byggja einnar hæðar viðbyggingu við austurhlið og að bílskúr, einangra að utan og klæða með álklæðningu einbýlishús á lóð nr. 59 við Efstasund.

Stækkun: 84.5 ferm., 274.6 rúmm.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. bókun á embættisfundi skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2025.

Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa Efstasunds 57 og Efstasunds 61, og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Fossaleynir 1 - USK25070217

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að skipta rými 0101 í tvær eignir, rými 0101, keilusal og rými 0201 kvikmyndahús, uppfæra jafnframt skráningu og eignaskiptayfirlýsingu kvikmyndahúss og keilusalar mhl.01, á lóð nr. 1 við Fossaleyni.

Erindi fylgir yfirlýsing Öruggh ehf vegna brunavarna dags. 25. ágúst 2025, greinargerð frá hönnuði dags. 8. júlí 2023, Viðauki við eignarskipayfirlýsingu dags. júlí 2025, eldri eignaskiptayfirlýsingar dags. desember 2023 og júlí 2018, Fylgiskjal 1 - Teikningar - viðauki dags. 10. júlí 2025, Fylgiskjal 2 - Skráningartafla dags. 9. júlí 2025 og Fylgiskjal 3 - Afstöðumynd dags. 24. nóvember 2023.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

12. Heiðargerði 56 - USK25070147

Sótt er um leyfi til breyta innra skipulagi og stækka, með því byggja garðskála og þvottahús við norðurhlið, einbýlishús á lóð nr. 56 við Heiðargerði.

Stækkun: 35 ferm., 148,3 rúmm

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. júní 1952.

Frestað. Lagfæra skráningu.

13. Háteigsvegur 35 - USK25070146

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070072 þannig að breytingar eru gerðar á þaki og svölum á 3. og 4. hæð og íbúðum á 4. hæð í mhl. 01 á lóð nr. 35 við Háteigsveg.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst dags. 1. september 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

14. Hátún 6B - USK25080264

Sótt er um leyfi til að endurinnrétta rými 0102 fyrir jóga- og líkamsræktarstöð í húsi á lóð nr. 6B við Hátún.

Erindi fylgir mæliblað.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Í Úlfarsfellslandi - USK25040124

Sótt er um leyfi til þess að reisa forsmíðað timburhús á forsteyptum undirstöðum í stað eldra húss sem fjarlægst hefur verið á lóð L125479 í Úlfarsfellslandi.

Stærð: 68.6 ferm., 223.0 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025, auk tækniblaða og vottana frá framleiðanda.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. Jónsgeisli 91 - USK25080037

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, koma fyrir millilofti, byggja geymslurými við suðurhlið og innrétta áfengisframleiðslu í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 91 við Jónsgeisla.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

17. Kalkofnsvegur 2 - USK25060229

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN048688 þannig að innréttaðar eru skrifstofur fyrir allt að 80 manns auk starfsmannaaðstöðu og stoðrymum í rými 0301 á þriðju hæð í verslunar-og skrifstofuhúsi við Kalkofnsveg 2, mhl.12, á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 16. júní 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

18. Katrínarlind 7 - USK24040328

Sótt er um heimild til að setja svalaskýli á allar íbúðir á hús á lóð nr. 1-7 við Katrínarlind.

Erindinu fylgir samþykki eiganda dags. 29. apríl 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

19. Klapparstígur 37A - USK25060192

Sótt er um leyfi til að innrétta handverksbakarí á 1. hæð í húsi á lóð nr. 37A við Klapparstíg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Korngarðar 3 - USK25030245

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi líttillega, koma fyrir 127 fermetra milligólfi úr stáli fyrir vélbúnað og bæta við færibandi í rými 0101 í vöruhúsi á lóð nr. 3 við Korngarða.

Erindi fylgir yfirlit rýmismerkinga á samþykktum aðaluppdráttum og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. september 2018.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Kringlan 1 - niðurrif - USK24090068

Sótt er um leyfi til að rífa skrifstofuhús, mhl. 02 og spennistöð, mhl. 03 á lóð nr. 1 við Kringluna.

Mhl. 02, merkt 020101 skrifstofa, 4.723,2 ferm.

Mhl. 03, merkt 030101 spennistöð 16 ferm.

Erindi fylgir endurnotkunaráætlun frá VSÓ fyrir skrifstofu og prentsmiðju dags. í júlí 2024, endurnotkunar- og niðurrifsáætlun vegna spennistöðvar frá VSÓ dags. 9. nóvember 2023, samþykki eiganda dags. 13. október 2023 og tölvupóstur frá eiganda dags. 2. september 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. Langholtsvegur 49 - USK25080211

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að koma fyrir fyrir heitum potti við hús á lóð nr. 49 við Langholtsveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

23. Laufásvegur 16 - USK25070363

Sótt er um leyfi til að gera bílastæði fyrir þjónustubifreið framan við vörumóttöku, -lyftu fyrir Listasafn Íslands á lóð nr. 16 við Laufásveg.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. júlí 2025 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

24. Laugavegur 12B - USK25070262

Sótt er um heimild til að rífa verslunar- og íbúðarhús, mhl.01, á lóð nr. 12b við Laugarveg.

Stærð niðurrifs: 255.0 ferm., 818.0 rúmm.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK25050486 um fyrirhugaða nýbyggingu.

Erindi fylgir Áætlun um meðhöndlun á niðurrifs- og byggingarúrgangi dags. 25. ágúst 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Laugavegur 18 - USK25010173

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og fjölga gestum veitingahúss í flokki II tegund c í alls 348 manns í að lokun hurðargata, reisa vegg og fjölgun gesta úr 300 í 348 manns á veitingastað í fl. II teg. c í rými 0101 í verslunar- og gistihúsi á lóð nr. 18 við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V01 dags. 7. janúar 2025 og ódagsett greinargerð hönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Nauthólsvegur 50 - USK25060415

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt lyftuhús, ný stigahús við norður- og vesturgötu, byggja svalir og verandir til vesturs og innrétta hjúkunarheimili fyrir 87 íbúa í skrifstofuhúsi á lóð nr. 50 við Nauthólsveg.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Lotu dags. 1. júlí 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 28. maí 2025, minnisblað frá Mirru dags. 25. ágúst 2025, loftgæðamælingar frá Verkvist dags. 1. júlí 2025 og yfirlit breytinga.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingar, mhl. 01: 20.189,8 ferm., 70.108,1 rúmm.

Mhl. 03: 150,4 ferm., 452,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Nýlendugata 21 - USK23030276

Sótt er um leyfi til þess að sameina matshluta 01 og 02 við Nýlendugötu 21, breyta notkun og innrétta þrjár íbúðir, hækka um eina hæð Nýlendugötu 21a, mhl.02, og reisa sorp- og hjólaskýli í suðvesturhorni lóðar nr. 21 við Nýlendugötu.

Stækkun mhl.01: 74.1 ferm., 222.1 rúmm.

Stækkun mhl.02: 48.8 ferm., - 52.9 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð Sei stúdíó á ljósmagn og gólfleti, afrit af greiðslukvittun vegna þinglýsingar lóðabreytinga stimpluð hjá sýslumanni 15. desember 2023, umsögn Minjastofnunar dags. 21. mars 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. mars 2023, minnisblað brunahönnuðar dags. 20. mars 2023 og yfirlit breytinga afriti af eldri samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

28. Nýlendugata 21 - Niðurrif - USK25010219

Sótt er um heimild til að rífa bakhús, mhl.02 og mhl.03 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóð nr. 21 við Nýlendugötu

Magn niðurrifs:

Mhl.02: 250.0 ferm., 835.4 rúmm.

Mhl.03: 78.3 ferm., 292.6 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 18. febrúar 2025 og hluti úr mæliblaði 1.131.2 dags. 19. september 2024

og áætlun um meðhöndlun úrgang dags. 9. maí 2025.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK23030276. umsókn um uppbyggingu á lóð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Pósthússtræti 2 - USK25070216

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir loftræstiröri frá eldhúsi veitingastaðar í flokki II teg a fyrir 48 gesti í rými 0101 í hótél- og veitingahúsi, mhl.03, á lóð nr. 2 við Pósthússtræti.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags 4. mars 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 6. maí 2008.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Reykjastræti 2 - USK25060227

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 og innrétta skrifstofur ásamt starfsmannaðstöðu og stoðrymum í rými 0501 á fimmtu hæð í skrifstofu-og verslunarhúsi við Reykjastræti 2, mhl.09, á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 16. júní 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. Skúlagata 9 - USK25070199

Sótt er leyfi til þess að koma fyrir "scrubber"-skorsteini vegna endurbóta á mengunarbúnaði við norðurhlið bensínafgreiðslu- og bílaþvottastöðvar á lóð nr. 9 við Skúlagötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

32. Suðurlandsbraut 12 - USK25060184

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa fjögurra hæða viðbyggingu á suðurhlið með 53 herbergjum þannig að gestafjöldi verður 335 í hóteli, gistað í fl. V, teg. a, á lóð nr. 12 við Suðurlandsbraut.

Stækkun: 1.345,3 ferm., 3.763 rúmm.

Eftir stækkun: 5.523,2 ferm., 18.763 rúmm.

Erindi fylgir orkurammi dags. 27. maí 2025 og greinargerð um brunavarnir frá Brunahönnun dags. 16. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Templarasund 3 - USK25020267

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og stækka hótél með því að leggja niður núverandi veitingarekstur í rýmum 03-0102 og 01-0101 og innrétta morgunverðarsal, opna inn í rými 01-0101 og breyta gestamóttöku hótels við Kirkjutorg 4, mhl.03, og Templarasund 3, mhl.01, á lóð nr. 3 Við Templarasund.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. mars 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Thorsvegur 1 - USK25050334

Sótt er um að byggja tveggja hæða stálgreindarhús fyrir skrifstofur, vélageymslu og lager, koma fyrir 6 bílastæðum og steinsteyptum jarðvegshólfum á skika 8, með aðkomu frá Thorsvegi á landi golfklúbbs Reykjavíkur við Korpúlfsstaði.

Stærð: 791.5 ferm., 2.179.6 rúmm

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 20. maí 2025, útreikningar u-gilda útg. 1 dags. 11. desember 2020, hæðablað fyrir skika 8 dags. 19. febrúar 2025. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst sl., fylgir erindi.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2025

35. Týsgata 8 - USK25050394

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun þannig að íbúðum á 2. - 4. hæð er breytt í hótélíbúðir í veitinga- og fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Týsgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Urðarbrunnur 62 - USK25080297

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057859 vegna lokaúttektar þannig að útitröppur verða á norðurhlið í stað suðurhliðar, húsið verður alklætt og innra skipulag á neðri hæð er breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 62 við Urðarbrunn.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Úlfarsbraut 16 - USK25030118

Sótt er um leyfi til þess að bæta við millipalli yfir þvottahúsi, geymslu og anddyri og byggja viðbyggingu við bílskúr til norðvesturs á einbýlishúsalóð nr. 16 við Úlfarsbraut.

Stækkun: 8.6 ferm., 30.8 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 7. desember 2021.

Frestað. Lagfæra skráningu.

38. Úthlíð 12 - USK25060191

Sótt er um leyfi til þess að grafa frá sökkulrými og koma fyrir inngang til suðurs og innréttu aukaíbúð í bílskúr, mhl. 03, í eigu íbúðar 0101, koma fyrir svölum ofan á þaki bílskúrs yfir að íbúðarhúsi og meðfram suðurhlíð 1. hæðar á íbúðarhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 12 við Úthlíð.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 5. ágúst 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 12. maí 1957.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

39. Vatnsmýrarvegur 16 - USK24120225

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060046 þannig að innra skipulagi er breytt á öllum hæðum, göngubrú er færð, bætt við lyftu við austasta fyrirlestrarsal, breyta þakhalla og útliti Læknagarðs á lóð nr. 16 við Vatnsmýrarveg.

Erindi fylgir brunahönnun frá Verkís dags. 1. apríl 2025, hljóðvistarhönnun frá Brekke Strand dags. 20. janúar 2025 og minnisblað með uppfærðum aðaluppdráttum dags. 31. október 2024 og yfirlit breytinga frá fyrri innlögn.

Breyttar stærðir: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Vesturberg 41 - USK23110044

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057782 vegna lokaúttektar þannig að glerskála sem byggður er á þaki bílskúrs, mhl.07, með aðgengi frá húsi nr. 41, mhl.03 er breytt á raðhúsalóð nr. 37-43 við Vesturberg.

Frestað. Lagfæra skráningu.

41. Vesturbrún 2 - USK25080157

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24080228 þannig að vegna tenginga við lagnir er gólfkóti hækkaður í bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 2 við Vesturbrún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Vitastígur 14A - USK25070219

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús nr. 14A, mhl.02, á lóð nr. 14 við Vitastíg

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Þórunnartún 2 - USK25070018

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi og innréttu skólastofur, vinnurými og skrifstofur sem viðbót við kennslurými 3. hæðar á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Þórunnartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 28. október 2008.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

44. Öldugata 59 - USK25030455

Sótt er um leyfi til að stækka kvisti á norðurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 59 við Öldugötu.

Stækkun: 7,3 ferm., 11,5 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

Fundi slitið kl. 11:10

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafdís Anna Bragadóttir
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrófsdóttir**